

AUGLÝSING

um umferð í Borgarnesi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Borgarneshrepps, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Borgarnesi:

1. Stöðvunarskylda (B19).

- 1.1 Umferð úr **Bröttugötu** er stöðvunarskylda við Egilsgötu.
- 1.2 Umferð úr **Egilsgötu** er stöðvunarskylda við Borgarbraut.

2. Biðskilda (A6).

- 2.1 Umferð um **Arnarklett** nýtur forgangs fyrir umferð úr Mávakletti og Fálkakletti.
- 2.2 Umferð um **Borgarbraut** nýtur forgangs fyrir umferð úr Sæunnargötu, Skalla-grímsgötu, Böðvarsgötu, Þorsteinsgötu. Kveldúlfsgötu, Brúartorgi, Vesturlandsvegi, Þórðargötu, Dílahæð, Sandvík, Leikskólavegi og Hrafnakletti.
- 2.3 Umferð um **Brákarbraut** nýtur forgangs fyrir umferð úr Skúlagötu, Bjarnarbraut og innkeyrslum við Olís og sláturhús í Brákarey.
- 2.4. Umferð um **Hrafnaklett** nýtur forgangs fyrir umferð úr Höfðaholti, Réttarholti, Arnarkletti, Austurholti, Mávakletti, Súlukletti og Svölukletti.
- 2.5. Umferð um **Kveldúlfsgötu** nýtur forgangs fyrir umferð úr Kjartansgötu og aðliggjandi botnlöngum.
- 2.6. Umferð um **Ólafsvíkurveg** nýtur forgangs fyrir umferð úr Sólbakka, Engjaási og afleggjara frá Mjólkursamlagi.
- 2.7. Umferð um **Sandvík** nýtur forgangs fyrir umferð úr Borgarvík og Klettavík.
- 2.8. Umferð um Skúlagötu nýtur forgangs fyrir umferð úr Egilsgötu og Gunnlaugsgötu.
- 2.9. Umferð um **Sæunnargötu** nýtur forgangs fyrir umferð úr Berugötu, Bjarnarbraut og botngötu.
- 2.10. Umferð um **Vesturlandsveg** nýtur forgangs fyrir umferð úr Brúartorgi og Ólafsvíkurvegi.
- 2.11. Umferð um **Þórólfsötu** nýtur forgangs fyrir umferð úr Þórunnargötu og botnlöngum.
- 2.12. Umferð um **Böðvarsgötu** nýtur forgangs fyrir umferð úr botngötu Þórólfsötu.

3. Bannað að leggja ökutæki (B21).

Bannað að leggja ökutæki, nema á sérstaklega merktum stæðum við:

- 3.1. **Arnarklett** beggja vegna.
- 3.2. **Borgarbraut** beggja vegna, frá Sandvík að Ólafsvíkurvegi.
- 3.3. **Brákarbraut** beggja vegna.
- 3.4. **Böðvarsgötu** að vestan og norðan.
- 3.5. **Hrafnaklett** beggja vegna.
- 3.6. **Kveldúlfsgötu** beggja vegna.
- 3.7. **Sandvík** beggja vegna.
- 3.8. **Skúlagötu** að vestan frá Brákarbraut að Gunnlaugsgötu og að austan frá Brákarbraut að Egilsgötu.
- 3.9. **Sæunnargötu** að sunnan frá Borgarbraut að Þórólfsötu.

4. Bannað að stöðva ökutæki (B24).

Bannað er að stöðva ökutæki á eftirfarandi götum:

- 4.1. **Borgarbraut** beggja vegna frá Egilsgötu að Sandvík.
- 4.2. **Egilsgötu** að sunnan.

5. Biðstöðvar áætlunarbifreiða (D10).

Sérstaklega merktar biðstöðvar áætlunarbifreiða eru á eftirfarandi stöðum:

- 5.1. **Borgarbraut** á móts við nr. 21.
- 5.2. **Borgarbraut** norðan gatnamóta Þórðargötu.
- 5.3. **Borgarbraut** á móts við Borgarvík 9 og 11.
- 5.4. **Egilsgötu** á móts við Hótel Borgarnes. Lengd bannsvæðis 30 m.
- 5.5. **Hrafnaklett** á móts við nr. 6—8.

6. Gangbrautir (D2).

Merktar gangbrautir eru á eftirfarandi stöðum:

- 6.1. **Borgarbraut** við hús nr. 3.
- 6.2. **Borgarbraut** við hús nr 12.
- 6.3. **Borgarbraut** á móts við Apotek.
- 6.4. **Borgarbraut** á móts við útibú K.B.
- 6.5. **Borgarbraut** við íþróttavöll.
- 6.6. **Borgarbraut** á móts við leikskóla.
- 6.7. **Borgarvík** við hús nr. 10.
- 6.8. **Egilsgötu** á móts við Kaupfélag.
- 6.9. **Sæunnargötu** við gatnamót Borgarbrautar.

7. Innakstur bannaður (12).

- 7.1. Af **Skúlagötu** inn á Egilsgötu.

8. Bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mín. frá kl. 9—18 alla virka daga (B22, U6, U7).

- 8.1. **Egilsgata** að norðan.

Reglur þessar taka þegar gildi og falla um leið niður allar eldri auglýsingar um umferð í Borgarnesi.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 9. mars 1984.

Rúnar Guðjónsson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað,
nr. 803 20. desember 1982.**

1. gr.

3. og 4. mgr. 8. gr. orðist svo:

Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar sem hætta stafar af. Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum sem lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri samþykkja.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá sem mannvirkið er unnið fyrir ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt.